

Nd.

### 319. Nefndarálit

[111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 36 1958 og l. nr. 40 1959, um breyt. á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var tekið til umræðu og afgreiðslu á fundi fjárhagsnefndar í morgun. Þar kom fram, að meiri hluti nefndarinnar, þ. e. fulltrúar stjórnarflokka-anna, vill fylgja frv. óbreyttu, og af umræðum í nefndinni dreg ég þá ályktun, að engar breytingar fáið gerðar á frumvarpinu.

Í frv. þessu er mönnum svo ákaflega misjafnt skammtað, að ég get ekki mælt með því, að það verði samþykkt. En þar sem frv. felur þó í sér dálitlar upp-þætur handa fólki, sem mjög þarf á slíku að halda vegna þeirra þungu byrða, sem aðrar ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar hafa á það lagt, mun ég ekki greiða atkvæði gegn málinu.

Eftir að Alþingi kom saman til framhaldsfunda seint í janúar í vetur, lagði ríkisstjórnin fram frumvarp sitt um efnahagsmál og allöngu síðar frv. um sölu-skatt. Þingmenn stjórnarflokkanna samþykktu þessi frumvörp. Með þeirri laga-setningu og öðrum ráðstöfunum stjórnarinnar hafa verið lagðar þungar byrðar á allan þorra landsmanna, framkvæmdamöguleikar þeirra skertir stórkostlega og atvinnurekstur með ýmsu móti mjög torveldaður.

Í greinargerð með frumvarpinu um efnahagsmál var það boðað, að einnig yrðu gerðar „viðtækar ráðstafanir í félagsmálum og skattamálum“. Sagt var, að tilgangur þeirra ráðstafana væri sá „að dreifa byrðunum af þeim breytingum, sem óhjá-kvæmilega verður að gera, sem réttlátast á þjóðarheildina“.

Þannig var stjórnarboðskapurinn í vetur. Og í framhaldi af þessu sagði stjórnin, að á tillögur þær, sem hún legði fyrir Alþingi, ætti að líta sem eina heild, þótt þær væru bornar fram í nokkrum frumvörpum.

Hér liggur nú fyrir eitt af þessum frumvörpum ríkisstjórnarinnar. Með því segist stjórnin ætla að fá það lögfest að fella niður tekjuskatt af „almennum launatekjum“. Hún túlkar frumvarpið þannig, að þetta sé meginatilgangur þess. En við athugun á frv. kemur í ljós, að ákvæði þess, ef samþykkt verða, hafa margfalt meiri áhrif til lækkunar á skattgreiðslum annarra manna en þeirra, sem telja má að hafi „almennar launatekjur“ og þaðan af lægri. Þessu til sönnunar nægir að vísa til skýrslu um skattgreiðslur samkv. frumvarpinu, sem birt er á þingskjali 299 í nefndaráliti 2. minni hl. fjárhagsnefndar efri deildar (Karls Kristjánssonar, 1. þm. Norðurlandskjördæmis eystra). Þar kemur t. d. fram, að hjón, sem hafa 50 þús. kr. nettótekjur og 3 börn á framfæri, sleppa við tekjuskatt, sem nemur 236 kr., en önnur hjón, með 150 þús. kr. nettótekjur og jafnmörg börn á framfæri, fá 14518 kr. lækkun á tekjuskatti. Og hjón með 3 börn á framfæri og 200 þús. kr. nettótekjur fá 20869 kr. í skattlækkun.

Vegna þeirra miklu verðhækkana, sem ráðstafanir stjórnarinnar hafa lagt á almenning, er réttmætt að létta tekjuskatti af þeim, sem nú búa við sérstaklega

erfiðan hag, þótt hjá þeim sé ekki nema um tiltölulega litlar skattgreiðslur að ræða. En niðurfelling á tekjuskatti þeirra segir vitanlega mjög lítið á móti öllum þeim verðhækkunum á nauðsynjum, sem á þeim dynja um þessar mundir. Fyrir fáum árum var tekjuskattur af lágum tekjum lækkaður mjög verulega, svo að tekjuskattsgreiðslur fjölskyldumanna, sem hafa algengar verkamannatekjur eða lægri, hafa ekki verið tilfinnanlegar síðustu árin. Það er því mikil blekking, þegar því er haldið fram, að hægt sé að bæta meiri hluta landsmanna upp mikla kjaraskerðingu með afnámi eða lækkun á tekjuskattinum til ríkisins. Það eru slæm skipti fyrir fjölskyldumenn í lægri tekjuflokkunum að fá á sig söluskattinn, sem nýlega er búið að lögfesta, í staðinn fyrir þá lækkun á tekjuskatti, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En eins og dæmin hér að framan sýna, eru það hátekjumennirnir, sem fyrst og fremst hafa hagnaðinn af skattalagabreytingu ríkisstjórnarinnar.

Samferða þessu frumvarpi inn í þingið var annað frv., einnig frá ríkisstjórninni. Það er um breytingu á útsvarslögum og er nú til athugunar hjá heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Það er, eins og þetta frv., einn þáttur í efnahagsmálatillögum stjórnarinnar, sem hún segir að verði að líta á sem eina heild.

Í útsvarslagafrumvarpinu birtist skattamálastefna stjórnarinnar, sú sama, sem fram kemur í þessu frumvarpi. Þar segir m. a., að greidd útsvör skuli draga frá tekjum manna, áður en útsvarsgreiðslur eru á þær lagðar. Það veldur mikilli lækkun á útsvörum hátekjumanna. Þeir fá þá tilslökun í ofanálæg á tekjuskattlækkunina. Hjá tekjuhæstu mönnum veltur þessi skatt- og útsvarslækkun á tugum þúsunda króna, þegar saman kemur. Þeir munu vera einu mennirnir, sem geta þakkað ríkisstjórninni fyrir viðskiptin, að loknum efnahagsmálaaðgerðum hennar.

En það er fleira í útsvarslagafrumvarpi stjórnarinnar. Þar er lagt til, að lög-ákveðið verði, að í sveitarfélögum utan kaupstaða skuli leggja 200 kr. tekjuútsvar á mann, sem hefur aðeins 3000 kr. nettótekjur yfir árið. Samkv. frumvarpinu eiga öldruð hjón, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrinn, en hann hefur nýlega verið ákveðinn 19440 kr. fyrir hjón á 2. verðlagssvæði, að borga af þessu kr. 1412.80 í tekjuútsvar. Skattanefndir munu nú meta fæði til tekna á um það bil 10 þús. kr. yfir árið. Maður, sem er aðeins matvinnungur, þ. e. hefur 10 þús. kr. nettótekjur, á samkv. frumvarpinu að borga 830 kr. í tekjuútsvar.

Slík ákvæði hafa aldrei áður verið í lögum. En nú flytur ríkisstjórnin frumvarp um að fá þetta í lög tekið.

Þannig eru aðferðir ríkisstjórnarinnar við að dreifa byrðunum sem „réttlátast á þjóðarheildina“ og að „vernda hagsmuni þeirra, sem umfram aðra ber að forða frá kjaraskerðingu“, eins og hún sagði í greinargerð með efnahagsmálafrumvarpi sínu. Hátekjumaður fær tugi þúsunda króna í lækkun á skatti og útsvari. Á sama tíma á að setja það nýmæli í lög, að skylt sé að leggja 918 kr. tekjuútsvar á einstaklings gamalmenni, sem ekki hefur aðrar tekjur en ellilífeyrinn sér til framfærís.

Þetta nefnir ríkisstjórnin réttlæti.

Í mínum augum er það ranglæti.

Alþingi, 8. apríl 1960.

Skúli Guðmundsson.